

Útflutningur vegna móttöku umframmjólkur á verðlagsárinu 2024

Samkvæmt 29. og 52. grein búvörlaga nr. 99/1993 skal mjólk sem er framleidd umfram greiðslumark hvers árs fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Samkvæmt 52. gr. búvörlaga getur Framkvæmdanefnd búvörusamninga þó heimilað sölu vara sem framleiddar eru úr mjólk utan greiðslumarks innanlands, ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Samkvæmt uppgjöri frá Matvælaráðuneytinu 21. janúar 2025 var framleidd mjólk árið 2024 samtals 153.678.618 lítrar, en notað greiðslumark ársins var skráð 151.502.131 lítrar (2.131 lítra yfir greiðslumarki; skýring liggur ekki fyrir frá ráðuneytinu).

Aðildarfélag SAM tóku á móti 153.559.445 lítrum, þar meðtalinni allri mjólk sem framleidd var umfram heildar greiðslumark, samtals 2.176.487 lítrum. Við athugun á nýtingu greiðslumarks kom í ljós að greiðslumark sem nam 119.173 lítrum var nýtt af öðrum en afurðastöðvum sem eiga aðild að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Misræmið skýrst af skráðri notkun í mjólkurvinnslu undir hugtakinu „heimavinnslu.“

Aðildarfélag SAM fluttu út samtals 2.646 tonn af mjólkurafurðum árið 2024. Sundurliðun útflutnings og umreikningur í mjólk á grunni fitu- og próteininnihalds er í eftirfarandi töflu:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2024

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skýr	3.155.730	794.600	9.586.364
Ferskar mjólkurvörur	158.894	4.618	395.899
Smjör	98.040	2.081.585	148.531
Ostar	734.002	144.714	10.506.702
Undanrennuduft	30.000	4.590	364.950
Samtals:	4.176.672	3.030.106	21.002.446

Umreiknað á lítra miðað við próteingrunn var útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaga SAM árið 2024 um 18,8 milljónum lítra meiri en umframmjólk. Lagaskyldu um útflutning umframmjólkur er því fullnægt hvað varðar próteinhluta umframmjólkur.

Í lok árs 2022 var búið að flytja út meira af fitu en sem nam eftirstöðvum af fituhluta umframmjólkur ársins 2021. Þegar mjólkuruppgjör vegna ársins 2023 lá fyrir 30. janúar 2024 kom í ljós að umframmjólk ársins 2023 var 2.512.331 lítrar og hækkaði útflutningsskylda sem því nam og var 2.703.714 ítrar miðað við lok janúar 2024 (sem svarar til um 127 tonna af smjöri).

Frá febrúar fram til loka desember 2024 voru fluttar út mjólkurafurðir sem svöruðu til 2.988.889 lítra af mjólk á fitugrunni. Í árslok 2024 hafði þess vegna verið flutt út meira af mjólkurafurðum en sem nam útflutningsskyldu vegna umframmjólkur. Útflutningur á fitugrunni umfram skyldu vegna umframmjólkur samsvaraði um 285.175 lítrum af mjólk, eða sem samsvarar um 13 tonnum af smjöri.

Þegar mjólkuruppgjör vegna ársins 2024 lá fyrir 21. janúar 2025 kom í ljós að umframmjólk ársins 2024 var 2.176.487 lítrar og jókst útflutningsskylda sem því nam eða í samtals 1.794.212 lítra miðað við lok janúar 2025 (sem svarar til um 85 tonna af smjöri).